

# Fundargerð 27. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2016, fimmtudaginn 10. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Gunnar Þorgeirsson, Unnur Lára Bryde, Árni Eiríksson, Sigrún Hauksdóttir, Gunnsteinn R. Ómarsson, Nanna Jónsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Arnar Þór Sævarsson.

Kristín María Birgisdóttir og Dagbjört Jónsdóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn: Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga og Valur Rafn Halldórsson, framkvæmdastjóri samtakanna, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Starfshópur til að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem flytja orku - 1603002SO**

Stefán Bogi og Sigurður Ármann Snævarr fóru yfir stöðu verkefnisins en Stefán er fulltrúi orkusveitarfélaga í starfshópnum og Sigurður fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Til kynningar.*

**2. Fundur með Orkustofnun - 1611001SO**

Erla Björk Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri hjá Orkustofnun, kom inn á fundinn undir þessum lið, kl. 12:55, til að gera grein fyrir verkefni stofnunarinnar sem snýr að því að afla gagna um hugsanlegar minni virkjanir.

*Formanni og framkvæmdastjóra falið að útbúa bréf til að senda á aðildarsveitarfélögin varðandi verkefni Orkustofnunar.*

Þorsteinn Gunnarsson kom inn á fundinn kl.13:15. Erla Björk vék af fundi að loknum umræðum undir þessum lið eða kl. 13:40.

**3. Fundur með Þjóðskrá Íslands - 1611002SO**

Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár, Ástríður Jóhannesdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Þjóðskrár, Hjörtur Grétarsson sviðsstjóri fasteignaskrársviðs Þjóðskrár og Ingi Þór Finnsson sviðsstjóri mats- og hagsviðs Þjóðskrár komu inn á fundinn undir þessum lið, kl. 14:00 og fóru yfir hugmyndir stofnunarinnar sem snúa að breytingum á skráningu og mati orkumannvirkja.

*Stefán Bogi fór yfir sjónarhorn samtakanna á verkefnið en ágætur samhljómur er með hugmyndum samtakanna og Þjóðskrár.*

Fulltrúar Þjóðskrár, Sigurður Ármann Snævarr og Árni Eiríksson fóru af fundi að loknum umræðum undir þessum lið eða kl. 15:00.

**4. Stefnumörkun stjórnar - Samtök orkusveitarfélaga 2013-2020 - 1511003SO**

Lögð fram stefnumótun orkusveitarfélaga 2014-2016 sem taka þarf til endurskoðunar.

*Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar.*

**5. Fundir með þingmönnum og ráðherrum á næstu mánuðum. - 1609003SO**

Rætt um hugsanlega fundi á næstu mánuðum með þingmönnum og ráðherrum.

*Formanni og framkvæmdastjóra veitt umboð til að óska eftir fundum með nýkjörnum þingmönnum og verðandi ráðherrum.*

**6. Lögfræðiúttekt í tengslum við breytinga á lögum er varða lög og skattlagningu á mannvirki sem flytja orku. - 1603002SO**

Rætt um hvort samtökin ættu að láta vinna fyrir sig minnisblað þar sem farið er yfir þær breytingar sem samtökin vilja láta gera í tengslum við lið 1 í fundargerðinni.

*Formanni og framkvæmdastjóra veitt heimild til að leita eftir tilboðum til að vinna lögfræðiálit fyrir samtökin.*

Næsti fundur stjórnar verður 16. desember 2016 kl. 12:00.

Fundi var slitið kl. 16:00